

Ár 2002, miðvikudaginn 20. febrúar, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 144/2001 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi dags. 15. september 2001 kærði Þórir Ólafsson, kt. 210657-2159, endurmat Fasteignamats ríkisins á fasteignamati og brunabótamati húseignar hans að Hálsaseli 33, Reykjavík, (fastanúmer 205-7012), sem tók gildi þann 15. september 2001.

Í kærubréfi segir:

“Hálfrundar og þaklausar “byggingar” hækka í mati, bæði fasteigna- og brunabótamati. Mótmæli þessum breytingum sem órókstuddum þar sem að breytt er fasteignamati um 0,4% og tel slíka ofurnákvæmni ekki geta staðist.”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 22. nóvember 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 23. janúar 2002, en þar segir m.a.:

“Niðurstaða endurmats brunabótamats vegna hinnar kærðu húseignar að Hálsaseli 33 í Reykjavík byggir á upplýsingum um framangreinda eign sem skráðar eru í Landskrá fasteigna auk upplýsinga um eignina sem fengust við síðustu skoðun hennar 17. september 1981. Í máli þessu er um að ræða 168 fm. steipt einbýlishús. Hjalagt fylgja yfirlit hinnar kærðu eignar við áramót 2000 og við endurnat í júní 2001, en þar kemur m.a. fram að byggingarár hússins er 1978 og afskriftarár það sama.”

Í bréfinu segir enn fremur að niðurstaða fasteignamats vegna hinnar kærðu eignar hafi verið sú að það hækkaði úr 14.214.000 kr. upp í 16.751.000 kr. Hækkunin hafi aðallega komið fram í hækkuðu lóðarmati, en hækkun húsmats nemi 0,4% eins og kærandi bendi á í bréfi sínu til nefndarinnar.


Niðurstaða


Samkvæmt umsögn Fasteignamats ríkisins för síðast fram skoðun á húseigninni þann 17. september 1981. Þótt kæran sé lítt rökstudd telur Yfirfasteignamatsnefnd rétt með hliðsjón af því hversu langur tími er liðinn frá síðustu skoðun eignarinnar að vísa málinu til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.


Pétur Stefánsson


Agnar Gústafsson


Guðmundur Magnússon